

186

1. sept.

Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lög-reglustjóra. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem opinber lögreglumál.

20. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og lögum nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. september 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

187

5. sept.

## SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Stóra-Langadalsár á Skógarströnd.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Stóra-Langadalsár. Heimili þess er í Stóra-Langadal og varnarþing á Skógarströnd.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka silungsveiði og koma á laxveiði í Stóra-Langadalsá og Setbergsá. Tilgangi sínum hyggst félagið að ná með því að selja árnar á leigu til stangaveiði, en koma í veg fyrir allar aðrar veiðiaðferðir í þeim, nema að svo miklu leyti, sem nauðsyn þykir að nota netaveiði til þess að ná í klakfisk.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Stóra-Langadalsá allri og í Setbergsá frá straumlínunótum Stóra-Langadalsár og Setbergsár að Illafossi.

Félagsmenn eru allir ábúendur eða eigendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum, en þær eru þessar: Ós, Klungurbrekka, Haukabrekka, Klettakot, Stóri-Langidalur, Ytra-Leiti og Narfeyri.

4. gr.

Veiði öll skal óheimil í vatnsföllum, er samþykktin nær til, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Skal fram tekið í veiðileyfi að eigi sé heimilt að nota önnur veiðitæki en stöng, og að öðru leyti til hve langs tíma leyfið sé veitt og á hverju svæði ána það heimili að veiða.

5. gr.

Félagsstjórnin hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum báðar árnar eða hluta af þeim, um tiltekið árabíl, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 10 ár. Í slíkum samningi skal jafnan fram tekið, með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis á hinu leigða veiðisvæði og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

## 6. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur; skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni til skiptis þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár. Annar meðstjórnandi eftir tvö ár samkvæmt hlutkesti. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í félagsstjórn.

## 7. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli funda. Hún hefur eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum.

## 8. gr.

Aðalfund heldur félagið fyrir lok aprilmánaðar ár hvert. Aðalfundur er lög- mætur, ef hann er boðaður skriflega hverjum félagsmanni með minnst þriggja daga fyrirvara, fundarefnis getið í fundarboði og fullur helmingur félagsmanna mættur. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess næsta ár. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Auk stjórnar eru 2 endurskoð- endur félagsreikninga, einnig kosnir á aðalfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingu á samþykktum sé að ræða eða félagslit.

## 9. gr.

Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til eða  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess, og tilgreinir fundarefni.

## 10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðal- fund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

## 11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði félagsins svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur sam- þykkir og undirrituð er að minnsta kosti af  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram, enda sé eigi krafizt mats að lögum.

## 12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt 89.—94. gr. laga nr. 112 1941.

## 13. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema  $\frac{2}{3}$  mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

## 14. gr.

Félaginu má slíta ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það. Eignum félagsins eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafnað niður samkvæmt arðskrá.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. september 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*